Sydra-Sel

Í Gíslamáldaga Stokkseyrarkirkju frá 1560 er Sel fyrst nefnt svo kunnugt sé, og þá sem einajörð, en í bondatali frá 1681 eru býlin orðin tvö. Sel mun upphaflega hafa verið sel frá heimajörðinni Stokkseyri. Dr. G. J., Bólstaðir bls. 105.

Sel á land á móti Ásgautsstöðum um Selsvatn og úr því um Selslæk í Höngudæl. Sel skiftir Ásgautsstaðalandi í tvent, báðum aðilum til óþæginda, því Ásgautsstaðabóndi þurfti að fara um Selsland til að nytja úthaga sinn og slægjur, varla án árekstra.

Sydra-Sel er því hálflenda hins forna býlis, ekki mikil jörð og innikróuð af Efra-Seli eftir að þetta urðu tvær jarðir, en tún má auka.

Június Pálsson sem sat þessa jörð 1888-1932 húsaði staðinn að fullu 1930-'32, en féll frá um það bil að verkinu var að ljúka (fæddur 3.6.1861, dáinn 12.4.1932) Íbúðarhúsið sem hann byggði er steinsteypa, tvær hæðir og íbúðarris, 250 m³.

en Ingólfur Gunnarsson sem settist að búi hér 1950 brá á það ráð 1964 að hann flytur að Efra-Seli, kaupir þá jörð, en selur íbúðarhúsið á Sydra-Seli ásamt landspildu ~~sem~~ sumarbústað, en heldur útihúsum og nýtir fjós og hlöðu á meðan hann hafði kýr - Sameinar þannez jarðirnar, en túnin liggja saman og því innan handar og hentugt.

framm hald

— Syðra - Set - framhald

Ábúendur

1888-1932 Június Pálsson og Sigríður Jónsdóttir

1932-1935 Sigríður Jónsdóttir, ekkja eftir Június Pálsson

1935-1950 Bjarni Júniusson - ógiftur

1950-1964 Ingólfur Emmarsson, og Sigerlaug Siggursdóttir

Fasteignamat 1977: Jörð 530 þús., útibús 709 þús

Fm 1861: 11.5 hundruð - Tún: 5.5 ha.